

Nd.

850. Frumvarp til laga

[327. mál]

um breytingar á lögum vegna umbóta í þágu fatlaðra á opinberum byggingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Á eftir 42. grein laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu komi ný 43. grein svohljóðandi:

Kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkvæmt lögum þessum.

43. grein laganna verði 44. grein.

2. gr.

Við 23. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð, greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

3. gr.

Við 6. grein laga nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kostnaður vegna breytinga á dagvistarheimilum með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

4. gr.

Við 3. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú ákveða eigendur félagsheimilis að breyta því með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð og er þá heimilt að verja fé úr Félagsheimilaskjóði til greiðslu allt að 40% heildarkostnaðar, sem af þessari breytingu hlýst.

5. gr.

Við 6. grein íþróttalaga nr. 49/1956 bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að veita úr íþróttaskjóði styrk til breytinga á íþróttahúsnæði, sem miða að því að bæta fötluðum aðgang og umferð um það. Styrkurinn má nema allt að 40% af kostnaði við breytinguna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

22. maí 1980 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi á þá leið að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni, sem brýnust þykja. Jafnframt var ríkisstjórninni falið með ályktuninni að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda þannig að hægt yrði að hefjast handa um breytingar á húsnæði með þarfir fatlaðra í huga.

5. ágúst sama ár beindi félagsmálaráðherra þeim tilmælum til framkvæmdanefndar Alþjóðárs fatlaðra, ALFA-nefndar, sem annast framkvæmdir fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins í tilefni af ári fatlaðra 1981, þess efnis að hún athugi, hvort hún geti tekið að sér með einhverjum hætti framkvæmd þess hluta þingsályktunar-

innar, sem fjallaði um þá úttekt sem gert er ráð fyrir að fram fari á opinberum byggingum. ALFA-nefndin setti á fót sérstakan samstarfshóp um ferlimál, sem fékk það verkefni að annast framkvæmd fyrri hluta þingsályktunarinnar. Samstarfshópurinn er skipaður eftirtöldum aðilum, en hann hóf störf í byrjun þessa árs:

Björn Kristleifsson, arkitekt, tilnefndur af embætti Húsameistara ríkisins,
Elsa Stefánsdóttir, húsmóðir, tilnefnd af Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra,
Gunnlaugur Pálsson, arkitekt, tilnefndur af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,

Helgi Hjálmarsson, arkitekt, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands,
Unnar Stefánsson, ritstj., tiln. af Sambandi isl. sveitarfélaga,
Hrafn Hallgrímsson, arkitekt, tilnefndur af embætti Skipulagsstjóra ríkisins,
Oddur Ólafsson, læknir, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands,
Una Steinþórsdóttir, B. A., tilnefnd af Landsamtökunum Þroskahjálp,
Vigfús Gunnarsson, lögg. endursk., formaður ferlinefndar fatlaðra, og
Þórður Ingvi Guðmundsson, stjórn málafræðingur, tilnefndur af ALFA-nefnd.

Starfshópurinn ákvað strax í upphafi að ein af þeim leiðum, sem vænlegast og nauðsynlegast yrði að fara til þess að ná því markmiði, sem sett er í ofangreindri þingsályktun, væri að gera tillögu um það til félagsmálaráðherra að leggja fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á nokkrum gildandi lögum þar sem fram kæmu ákvæði um byggingu og rekstur nokkurra tegunda opinberra bygginga, s. s. sjúkrahúsana, skóla, dagvistunarstofnana, félagsheimila og íþróttahúsa.

Félagsmálaráðherra féllst á að flytja frumvarp af þessu tagi, er hugmyndin um þetta var reifuð við hann, og fól hann samstarfshópnum að gera tillögu um orðalag slíks frumvarps. Í frumvarpi þessu, sem hér liggur nú fyrir, er í megindráttum farið eftir tillögu samstarfshópsins um ferlimál.

Breyting á opinberum byggingum með það fyrir augum að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð um þær er gríðarlega viðamikil og kostnaðarsamt verkefni. Af þeim sökum var tekið það ráð að við þessar lagabreytingar yrði einungis um heimildarákvæði að ræða, en forðast var að skylda viðkomandi stofnanir til breytinganna með beinum lagasetningum, þar sem augljóst er að tryggja þarf einhvern fastan fjármögnunarstofn í framtíðinni til þess að kosta þær breytingar, sem nauðsynlegar eru á opinberu húsnæði til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð um það.

Megineinkenni þeirra breytinga, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir á gildandi lögum, er það að kostnaðurinn við framkvæmdir endurbóta og breytinga á hinu opinbera húsnæði greiðist í sömu hlutföllum og um stofnkostnað væri að ræða, en í öllum tilvikum er hér fjallað um opinberar byggingar, sem beint eða óbeint eru kostaðar sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að við kaflann um ýmis ákvæði heilbrigðis-laga nr. 57 frá 1978 bætist ný grein þar sem gert er ráð fyrir að kostnaðurinn við breytingu á sjúkrahúsnunum greiðist í sömu hlutföllum og um stofnkostnað væri að ræða, þ. e. framlag ríkisins verði 85%, en sveitarfélaganna 15%.

Um 2. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunn-skóla í landinu, greiðist í þeim hlutföllum, að ríkið leggur til 50% af áætluðum kostnaði almennra skóla og 85% af kostnaði við breytingu á heimavistarskólum, sbr. 7. grein laga nr. 49 frá 1967 um skólakostnað.

Um 3. gr.

Þessi grein felur það í sér, að kostnaðurinn við að breyta dagvistarstofnunum, er fjármagnaður á þann hátt að ríkið greiðir 40% kostnaðarins við breytingu á dagheimilum og skóladagheimilum, en sveitarfélögin 60%, og 60% við breytingu á leikskólum þar sem sveitarfélögin greiða 40%.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í íþróttalögum nr. 49 frá 1956 er sérstakur kafli um íþróttasjóð. Alþingi veitir árlega fé í sjóðinn til eflingar íþróttum í landinu eða sér honum fyrir öruggum tekjustofnum á annan hátt. Íþróttasjóður veitir styrki til þess að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áhersla lögð á, að þeir komi að sem almennustum notum. T. d. þá er gert ráð fyrir að styrkir verði veittir til: „hvers konar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar iðnaðarmanna“ eins og segir í 1. tölulið 6. greinar laganna. Í 4. tölulið 8. greinar laganna er hins vegar ákvæði um það að styrkveiting geti numið allt að 40% af stofnkostnaði íþróttamannvirkisins. Á grundvelli þessarar reglu þótti því eðlilegast að miða þá viðbót, sem um getur í þessari grein í lögum þessum, við íþróttalögin, þ. e. að breyting á íþróttahúsnæði, sem miðar að því að bæta aðgöngu fatlaðra, verði styrkt allt að 40% úr íþróttasjóði.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.